



HVÍTBÓK UM SKIPULAGSMÁL

Umhverfismatsskýrsla

September 2023



Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Landsskipulagsstefna	2
3	Aðferðafræði umhverfismats	2
4	Helstu niðurstöður umhverfismats Landsskipulagsstefnu	3
4.1	Umhverfisáhrif markmiða Landsskipulagsstefnu	6
5	Samræmi við áætlanir	14
6	Viðaukar	18

1 Inngangur

Samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal vinna umhverfismat fyrir landsskipulagsstefnu þar sem hún markar stefnu fyrir leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lögin og eru undirbúnar og/eða afgreiddar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra.

Húsnæðis- og skipulagsráð hefur umsjón með umhverfismatinu undir forystu innviðaráðuneytisins og með aðstoð Skipulagsstofnunar og VSÓ Ráðgjafar.

Umhverfismat landsskipulagsstefnu er samþætt og tvinnuð inn í vinnuna við mótun stefnunnar til að tryggja að horft verði til umhverfissjónarmiða við mótun landsskipulagsstefnu.

Nálgun matsvinnunnar miðar að því að ná fram eftirfarandi markmiðum:

- Veita heildarsýn á umhverfisáhrif landsskipulagsstefnu.
- Skilgreina líkleg og veruleg áhrif á umhverfið.
- Að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við mótun áætlana og draga þannig úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif.
- Skilgreina vöktun og mótvægisáðgerðir þar sem það á við.
- Skjalfesta matsvinnu.
- Stuðla að samræmi áætlana og greina frá tengslum landsskipulagsstefnu við aðrar áætlanir og alþjóðlega samninga.
- Kynna helstu umhverfisáhrif landsskipulagsstefnu.

2 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna setur fram heildstæða stefnu um búsetumynstur, sem fjallar annars vegar um samspil þéttbýlis og dreifbýlis og hins vegar um innra skipulag og þróun þéttbýlisstaða, vernd og ráðstöfun lands á hálendi Íslands og sjálfbæra nýtingu haf- og strandsvæða.

Áherslur ráðherra liggja til grundvallar landsskipulagsstefnu en Innviðaráðherra leggur áherslu á þjóðhagslega mikilvæga innviði, samgöngur á miðhálandinu, landnýtingu í dreifbýli, landslag, auka uppbyggingu húsnæðis í samræmi við þörf, skipulag í þágu loftslagsmála, vindorku, fjölbreytta ferðamáta, orkuskipti í samgöngum og skipulag haf- og strandsvæða.

Í Hvítbók um skipulagsmál eru skilgreind eftirfarandi þrjú markmið sem endurspeгла framtíðarsýn og áherslur innviðaráðuneytisins:

- A. Markmið um vernd umhverfis og náttúru
- B. Markmið um gott samfélag
- C. Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf

3 Aðferðafræði umhverfismats

Í umhverfismati landsskipulagsstefnu er lögð áhersla á að draga fram þau atriði er varða náttúrufar, auðlindir og samfélag sem þarf að hafa í huga og skoða nánar þegar farið verður í frekari útfærslu aðgerða á seinni stigum, þ.e. á skipulagsstigi eða í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Fjallað er um líkleg áhrif og mögulegar leiðir til að koma í

veg fyrir eða draga úr áhrifum framkvæmda, auk þess sem dregið er fram hvar mögulegt sé að áhrif á einhverja umhverfispætti séu óhjákvæmleg.

Matsvinnan byggir á fyrirbyggjandi gögnum. Skilgreind eru umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á áhrifum og byggja á markmiðum laga, stefnumótun stjórnvalda og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Umhverfisviðmiðin eru sett fram undir sex umhverfispáttum sem kunna verða fyrir áhrifum af landsskipulagsstefnu, ásamt umhverfisvísium sem skilgreina áhersluatriði í hverjum þætti fyrir sig. Yfirlit yfir umhverfisviðmið ásamt umhverfisvísium og umhverfispáttum er að finna í viðauka A.

Þá mun umhverfismatið taka mið af þeim umsögnum og athugasemdum sem berast við kynningu á umhverfisskýrslu.

Mat á vægi áhrifa

Áhrif eru metin jákvæð og neikvæð, bein og óbein, langtíma og skammtíma, varanleg og samvirk. Við mat á umfangi áhrifa áætlananna á umhverfið er tekið mið af þróun umhverfispátta án stefnumótunar, þ.e. núll-kost. Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort landsskipulagsstefna styður eða gengur gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér. Notaðar eru eftirfarandi vægiseinkunnir við matið:

Jákvæð áhrif	ef landsskipulagsstefna styður viðkomandi umhverfisviðmið.
Óveruleg áhrif	ef landsskipulagsstefna hefur engin eða lítil áhrif á viðkomandi umhverfisviðmið.
Neikvæð áhrif	ef landsskipulagsstefna vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
Óviss áhrif	ef óvíst er eða háð útfærslu hvort landsskipulagsstefna styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

4 Helstu niðurstöður umhverfismats Landsskipulagsstefnu

Metin hafa verið umhverfisáhrif markmiða Landsskipulagsstefnu á umhverfispætti með hliðsjón af umhverfisvísium og viðmiðum sem koma fram í viðauka A.

Áhrif á samfélag og heilbrigði eru líkleg til að vera jákvæð, stuðla að jákvæðri þróun búsetuskilyrða og góðu samfélagi. Áhersla er á uppbyggingu húsnæðis og innviða, sjálfbær samfélög með góðum lífsgæði, lýðheilsa og aðgengi að þjónustu. Gæði lands verði kortlögð með hliðsjón fjölbreyttum nýtingarmöguleikum, nýtingu á góðu ræktarlandi og vernd kolefnisríks jarðvegs. Áhersla er á aðgengi að hreinu vatni, loftgæði og hringrásarhagkerfi. Gæta þarf að uppbyggingu innviða, orkumannvirkja og samgöngukerfa á ásýnd, loftgæði, hljóðvist og upplifun. Áhersla er á að samfélög aðlagist breyttum aðstæðum með sýn á þarfir komandi kynslóða. Samfélög þróist þannig að þau verði loftslagsvænni, nýti auðlindir á sjálfbæran hátt og stuðlað verði að seiglu gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga og náttúruvá.

Markmið landsskipulagsstefnu um gott samfélag er samtvinnað markmiðum um samkeppnishæft atvinnulíf. Stefnumótunin er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á atvinnu en hún styður við atvinnulíf með áherslu á góða innviði og tengingu byggða. Hugað er að sjálfbærri nýtingu auðlinda og uppbyggingu atvinnulífs í sátt við samfélag og náttúru. Vanda þarf til útfærslu á áherslum landsskipulags í skipulagi þar sem árekstur ólíkra hagsmuna kunna að koma fram. Umhverfisáhrif einnar atvinnugreina geta haft áhrif á afkomu annarrar og tiltekin landssvæði henta fyrir fleiri en eina gerð landnotkunar. Áhersla á alþjóðlega samkeppnishæfni beinir sjónum að samspili atvinnulífs og aðlaðandi



samfélagi og er líkleg til að styrkja atvinnulíf til framtíðar, auka nýsköpun og tryggja komandi kynslóðum samfélag sem er eftirsótt til búsetu.

Skýr skilaboð eru í landsskipulagsstefnu um að í skipulagi verði mörkuð stefna um loftslagsmál. Áhersla er á skjótan árangur og að horft verði til fjölbreyttra leiða til að draga úr losun og auka bindingu kolefnis í gróðri, jarðvegi og bergi. Loftslagsmál verði samþætt skipulagi á byggð, samgöngum, landnotkun, auðlindanýtingu og mannvirkjagerð. Vinna skal að aukinni seiglu samfélaga og unnið að aðlögun að loftslagbreytingum, byggt á bestu þekkingu hvers tíma. Áherslur um loftslagsmál í landsskipulagsstefnu eru skref í rétta átt að markmiðum í aðgerðaáætlunar stjórnvalda um loftslagsmál. Áhrifin eru metin jákvæð en óvissa er um umfang áhrifa en þau fara eftir nánari útfærslum í skipulagi og eftirfylgni.

Í landsskipulagsstefnu er stuðlað að því að gripið sé til aðgerða í skipulagi til að draga úr hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni og er hún líkleg til að auka viðnámsþrótt vistkerfa. Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf, bættar samgöngur á hálendi og orkuskipti kunna stangast á við sjónarmið um náttúruvernd og kann stefnumótunin að hafa í för með sér nýframkvæmdir sem fela í sér staðbundið rask á gróðri og búsvæðum lífvera, einkum áherslur um þróun samgöngukerfa á miðhálendi og bætt aðgengi þar, ásamt markmiðum um samkeppnishæft atvinnulíf og orkuskipti. Við nánari útfærslu stefnumótunar í skipulagi þarf að huga að því að draga sem kostur er úr raski. Við frágang svæða skal gæta þess að framkvæmdir auki ekki líkur á landrofi né að ágengar tegundir komi inn á svæði. Gæta þarf þess að koma í veg óþarfa rask og leita leiða til að tryggja áfram líffræðilegan fjölbreytileika. Umfang umhverfisáhrifa eru líkleg til að vera óveruleg til neikvæð en vægi þeirra er mjög háð staðsetningu með tilliti til verndargildis eða viðkvæmni framkvæmdarsvæðis.

Umfang umhverfisáhrifa á landslag og víðerni er líklegt til að hafa óveruleg til neikvæð áhrif á landslag og víðerni. Áherslur landsskipulagsstefnu endurspeglar mikilvægi landslags í umhverfinu og er stefnumótunin almennt líkleg til að viðhalda staðbundum einkennum svæða, tryggja fjölbreytileika og gæði landslags bæði í náttúrulegu og manngerðu umhverfi. Nýframkvæmdir sem stefnumótunin kann að leiða af sér geta breytt ásýnd svæða og raska óbyggðum víðernum en helstu áhrifaþættir eru áherslur um uppbygging innviða s.s. samgöngu og orkuinnviðir og ferðaþjónusta á hálendinu og breytt landnotkun. Verkefni um að ljúka kortlagningu óbyggðra víðerna og afmörkun þess í skipulagi sbr. leiðbeiningum um framfylgd landsskipulagsstefnu er líklegt til að stuðla að verndun óbyggðra víðerna og landslagsheilda.

Landsskipulagsstefna er líkleg til að stuðla að ábyrgri nýtingu vatnsauðlindarinnar og viðhalda góðu ástandi vatnshlota. Helsti þáttur stefnumótunarinnar sem kann að hafa áhrif á vatnsvernd eða auka álag á vatnshlot er stefnumótun um búsetu og landbúnað ásamt nýframkvæmdum vegna stefnumótunar um þróun samgöngukerfa, orkuskipta og atvinnulífs



Núllkostur – þróun umhverfisþátta án Landsskipulagsstefnu

Líkleg þróun umhverfisþátta án tilkomu Landsskipulagsstefnu felst helst í því að í skipulagsvinnu verði síður aukin áhersla á loftslagsmál, uppbyggingu húsnæðis og skipulag innviða, nýting ræktarlands, gott aðgengi að hálendinu, orkuskipti, skipulag vindorku og vernd líffræðilegs fjölbreytileika.

Þróun loftslagsmála án framfylgdar landsskipulagsstefnu er líkleg til að vera neikvæð bæði hvað varðar losun og bindingu gróðurhúslofttegunda sem og aðlögun loftslagsbreytinga. Óvíst er um hvort án stefnumörkunar landsskipulagsstefnu að ráðist verði með markvissum hætti í loftslagsmiðað skipulag, sem er lykilþáttur í að ná samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, auka bindingu kolefnis þannig að hægt sé að draga úr svæðisbundnu kolefnisspori.

Uppbyggingu húsnæðis og innviða er ætlað að stuðla að bættum lífsgæðum, lýðheilsu og góðu aðgengi að þjónustu ásamt því að styrkja byggðakjarna og auðvelda störf án staðsetningar.

Án landsskipulagsstefnu verður ekki af mögulegum nýframkvæmdum sem stefna um uppbyggingu innviða, s.s. samgöngu- og orkuinnviða, bætt aðgengi og uppbyggingu ferðaþjónustu á hálendinu, og breytta landnotkun í byggð kann að hafa í för með sér. Framkvæmdir eru líklegar til að hafa áhrif á umhverfisþætti, einkum lífríki, landslag og víðerni. Möguleg neikvæð áhrif stefnunnar á þessa umhverfisþætti er ávallt háð umfangi framkvæmda og viðkvæmni svæða. Án landsskipulagsstefnu verður ekki af mögulega raski á jarðminjar, landslagsgerðum og óbyggðum víðerni. Áhersla á líffræðilegan fjölbreytileika er hins vegar líkleg til að draga úr hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og auka viðnámsprótt vistkerfa. Líkleg þróun lífríkis, vatnafars og sjávar er háð mörgum þáttum en búast má við því að náttúran þróist á eigin forsendum án framfylgdar Landsskipulagsstefnu.

4.1 Umhverfisáhrif markmiða Landsskipulagsstefnu

Umhverfisþáttur	Helstu umhverfisáhrif	Vægis Einkunn
Samfélag / heilbrigði <i>Umhverfisvísar:</i> <ul style="list-style-type: none">○ Búsetuskilyrði○ Innviðir○ Útivist og afþreying○ Heilsa○ Menningarminjar○ Náttúruvá	<p>Góð búsetuskilyrði um allt land er meginþráður í landsskipulagsstefnu. Það endurspeglast í áherslum á uppbyggingu húsnæðis og innviða sem og á aukin lífsgæði, lýðheilsu og góðu aðgengi á þjónustu. Stefnumótunin endurspeglar þannig áherslur í sóknaráætlunum landshluta þar sem kallað er eftir bættum samgöngum og að þjónusta styðji við byggðakjarna, samhliða því að störf án staðsetningar verði gerð auðveldari. Það stuðlar að því að landssvæði verði eftirsóknarverður kostur fyrir ungt fólk sem velur að setjast þar að.</p> <p>Í landsskipulagsstefnu er uppbygging húsnæðis eitt af lykilviðfangsefnum sem mætir ákalli um aukið húsnæði en sóknaráætlunum landshluta kemur fram að í sumum landshlutum er húsnæðisskortur dragbítur á atvinnuþróun. Sérstaklega er tekið til þess að íbúðaupbygging svari þörfum miðað við lýðfræðilega þróun og þjóni ólíkum samfélagshópum. Með bættum samgöngum, tryggari þjónustu í nærumhverfi og fjölbreyttum atvinnutækifærum styður stefnumótunin við jafnræði ólíkra hópa í samfélaginu.</p> <p>Aðgerðir um að kortleggja gæði lands þannig að tekna séu upplýstar ákvarðanir um breytta landnotkun er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag. Ræktarland er takmörkuð auðlind en byggðamynstur hafa þróast og nýting lands er fjölbreytt og þar sem áður var stundaður landbúnaður hafa myndast byggðakjarnar með heilsárs búsetu, frístundabyggð og ferðaþjónusta rís eða skógrækt er stunduð. Þetta tengist einnig loftslagsmálum en kolefnisbinding í jarðvegi og gróðri er mjög breytileg. Á skipulagstigi gefst tækifæri til að horfa yfir landnýtingu á breiðum grunni og kortleggja hvar er gott ræktarland, hvaða landgerðir eru kolefnisríkar, og hvaða svæði eru eftirsóknarverð fyrir ferðamenn og frístundabyggð. Stefnumótunin er þannig líkleg til stuðla að auknum búsetugæðum. Þau velta einnig á aðgengi að hreinu vatni, öruggri úrgangsméðhöndlun og fráveitu og í landsskipulagsstefnu er áhersla á hringrásarhagkerfið og umhverfisvænar lausnir sem eru í mikilli þróun og geta stuðlað að bættum lífsskilyrðum til framtíðar.</p> <p>Áherslur í stefnumótuninni um uppbyggingu innviða, vindorku og þróun samgöngukerfa á miðhálandi, er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á hljóðvist í nágrenni mannvirkjana, ásýnd svæða og upplifun fyrir útivist, afþreyingu og ferðafólk. Við skiplagsgerð þarf að huga sérstaklega að þessum þáttum við val á staðsetningu innviða og mati á umfangi þeirra til að takmarka neikvæð áhrif á samfélag. Á móti kemur að bættar tengingar milli byggða og sterkari innviðir eru líklegir til að hafa jákvæð áhrif á búsetugæði og er kallað sérstaklega eftir þessu í sóknaráætlunum landshluta. Bættar samgöngur styrkja einnig viðnámsþrótt samfélaga gagnvart náttúruvá, með öruggari flóttaleiðum.</p> <p>Nýframkvæmdir kunna að þrengja að útivistarsvæðum eða hafa neikvæð áhrif á upplifun fólks sem nýtir sér svæði til heilsuþótar og afþreyingu en útivistarsvæði eru mikilvæg fyrir lýðheilsu. Til mótvægis er áhersla um að skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrými efla gæði sem felast í náttúrulegu og manngerðu landslagi.</p> <p>Nýframkvæmdir kunna sömuleiðis að raska menningarminjum. Mikil þróun hefur orðið í kortlagningu menningarminja og tryggja þarf að</p>	 Jákvæð áhrif

kortlagning liggja fyrir áður en tekið er ákvörðun um útfærslu á framkvæmdum.

Áhersla er á að samfélög aðlagist breyttum aðstæðum með sýn á þarfir komandi kynslóða. Samfélög þróast þannig að þau verði loftslagsvænni, nýti auðlindir á sjálfbærán hátt og stuðlað verði að seiglu gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga og náttúruvá.

Landsskipulag er líklegt til að hafa jákvæð áhrif á þróun búsetuskilyrða og stuðla að góðu samfélagi.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Markmið 1 um að útrýma fátækt í allri sinn mynd alls staðar. Allir eigi jafnan rétt til bjargráða og aðgengi að grunnþjónustu og staða fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu verði styrkt með fyrirbyggjandi aðgerðum til að bregðast við alvarlegum atburðum eða hamförum.

Áhersla er í stefnumótun á uppbyggingu húsnæðis sem svari þörfum miðað við lýðfræðilega þróun, bættar samgöngur fyrir alla, tryggari nærþjónusta og fjölbreytt atvinnutækifæri. Störf án staðsetningar verði gerð auðveldari.



Markmið 2 um að útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bættu næringu og stuðla að sjálfbærum landsbúnaði. Teknir verði upp starfshættir sem auka framleiðni, viðhalda vistkerfum og draga úr hættu af völdum loftslagsbreytinga.

Áhersla er í stefnumótun á ræktarland er takmörkuð auðlind og að gæði lands séu kortlögð. Efla skal landbúnað og matvælaframleiðslu til að tryggja matvælaöryggi.



Markmið 3 um stuðla að heilbrigðu lífverni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar. Ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.

Áhersla er í stefnumótun á aukin lífsgæði, lýðheilsu og gott aðgengi að þjónustu. Gæta þarf að því að framkvæmdir geta haft neikvæð áhrif á byggð og útivistarsvæði sem eru mikilvæg fyrir lýðheilsu.



Markmið 11 um að gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær. Allir geti orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði Grunnþjónusta, sjálfbærar samgöngur og aðgengi að grænum svæðum standi öllum til boða. Loftgæði og meðhöndlun úrgangs verði bætt.

Áhersla er í stefnumótun á styrkingu byggðakjarna um allt land með betri tengingum milli byggða, sterkari innviðum og þjónustu. Búsetugæði verði aukin og viðnámsþróttur byggða eflur. Lögð er áhersla á aðgengi að hreinu vatni, öruggri úrgangsméðhöndlun og fráveitu.



Umhverfisþáttur	Helstu umhverfisáhrif	Vægisæinkunn
Atvinna <i>Umhverfisvísar:</i> <ul style="list-style-type: none">○ <i>Atvinnuþróun</i>○ <i>Ferðaþjónusta</i>○ <i>Efnahagsþróun</i>	<p>Markmið landsskipulagsstefnu um gott samfélag er samtvinnað markmiðum um samkeppnishæft atvinnulíf. Markmiðin koma til móts við áherslur í sóknaráætlunum landshluta um fjölbreytt atvinnulíf og nýsköpun. Stefnumótunin er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á atvinnu en hún styður við atvinnulíf með áherslu á góða innviði og tengingu byggða. Bættar samgöngur geta stækkað vinnu – og þjónustusóknarsvæði, aukið hreyfanleika innan vinnusóknarsvæða með líklegum jákvæðum áhrifum á atvinnu og samkeppnishæfni svæða. Áhersla í stefnumótuninni á orkuinnviði getur stuðlað að bættu atvinnuöryggi og nýsköpun, einkum á svæðum þar sem aðgangur að raforku er hamlandi þáttur. Í stefnumótuninni er sérstaklega hugað að sjálfbærri uppbyggingu ferðaþjónustu til framtíðar og samspil ferðaþjónustu við náttúrvernd og samfélag, þolmörk svæða, skipulag á miðhálandi.</p> <p>Í stefnumótuninni er lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu lands, bindingu kolefnis í landi sem og fjölbreytta og hagkvæma nýtingu landbúnaðarlands sem stuðli að matvælaöryggi. Þekking og kortlagning er hér lykilatriði og er brugðist við því í landsskipulagsstefnu með sérstöku verkefni. Þekking á náttúruauðlindum á skipulagssvæðum dregur úr líkum á ofnýtingu, t.d. vatns eða jarðefna. Gæta þarf að því að við uppbyggingu atvinnugreina að nýta auðlindir á sjálfbæran hátt og að ástand vatnshlota hnigni ekki, í samræmi við áherslu á sjálfbæra nýtingu vatns.</p> <p>Áherslur landsskipulagsstefnu varðandi uppbyggingu atvinnulífs kann að fela í sér árekstur ólíkra hagsmuna þar sem umhverfisáhrif einnar atvinnugreinar geta haft áhrif á afkomu annarrar. Sömuleiðis henta tiltekin landssvæði undir fleira en eina gerð landnotkunar. Skörun á hagsmunum er fyrirsjáanleg og vönduð skipulagsvinna þarf að byggja á góðum upplýsingum um valmöguleika og mögulegar afleiðingar.</p> <p>Við skipulag og útfærslu á nýtingu auðlinda og skilyrðum fyrir atvinnustarfsemi þarf að gæta að hagsmunum náttúru og samfélags. Jafnframt þarf að stefna að því að ná jafnvægi og mæta þörfun nútímans þannig að rými sé fyrir breyttar áherslur í framtíðinni.</p> <p>Áhersla á alþjóðlega samkeppnishæfni beinir sjónum að samspili atvinnulífs og aðlaðandi samfélagi og er líkleg til að styrkja atvinnulíf til framtíðar, auka nýsköpun og tryggja komandi kynslóðum samfélag sem er eftirsótt til búsetu.</p> <p>Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna</p> <p>Markmið 8 um að stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum. Aukinni framleiðni verði náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun. Nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu verði bætt og leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á náttúruna, í samræmi við sjálfbæra neyslu.</p> <p>Markmið 9 um að byggja upp viðnámsþolna innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun. Innviðir og atvinnugreinar verði endurskipulagðar til að gerða þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og verkferlar</p>	 <p>Jákvæð áhrif</p>





umhverfissvænni. Vísindarannsóknir og tæknigeta verði eflað.

Umhverfisþáttur	Helstu umhverfisáhrif	Vægisæinkunn
Loftslag <i>Umhverfisvísar:</i> <ul style="list-style-type: none">○ Binding og losun kolefnis○ Aðlögun að loftslagsbreytingum	<p>Landsskipulagsstefna er líkleg til að stuðla að jákvæðum áhrifum á loftslag því fram koma skýr skilaboð um að í skipulagi verði mörkuð stefna um loftslagsmál, þ.m.t. um losun frá byggð, samgöngum og landnotkun ásamt aukinni kolefnisbindingu. Það styður við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum en þar kemur fram að ábyrgð á framkvæmd fjölda loftslagsaðgerða liggur hjá sveitarfélögum, auk þess sem sveitarfélög hafi sýnt frumkvæði í loftslagsmálum sem skila sér í samdrætti í losunarbókhaldi Íslands. Ákvarðanir sem teknar eru við gerð skipulagsáætlana eru lykilþáttur í að ná samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis.</p> <p>Í landsskipulagsstefnu er sérstök aðgerð um gerð leiðbeininga um loftslagsmiðað skipulag, því þekking á þessu sviði er í mótun og reynslan enn takmörkuð. Svæðisbundið kolefnisspor liggur í mörgum þáttum, þ.m.t. samgöngum, iðnaði, orkunotkun, byggingum, úrgangslausun, landnotkun, landbúnaði og skógrækt. Áhersla er á skjótan árangur og heildstæða nálgun.</p> <p>Losun frá samgöngum er stór þáttur og skipulag samgönguinnviða hefur áhrif á það. Í stefnumótuninni er áhersla á að styðja við virka samgöngumáta og stytta ferðavegalengdir, bæði með bættum og breyttum vegum en einnig með því að færa þjónustu nær íbúum til að minnka ferðapörf.</p> <p>Losun og binding kolefnis frá landi og landnotkun er umfangsmikill þáttur í losunarbókhaldi Íslands. Í stefnumótuninni er stefnt er að markvissum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun. Bent er á að bæta þarf þekkingu á samspili landnotkunar og losunar fyrir ólíkar gerðir lands.</p> <p>Stefnumótunin er líkleg til að styðja við loftslagsvæna mannvirkjagerð og hringrásarhagkerfið en til að ná árangri í loftslagsmálum þarf að horfa lengra en til losunar sem fellur undir losunarbókhalds Íslands. Við gerð skipulagsáætlana eru teknar ákvarðanir og sett skilyrði sem hafa áhrif á óbeina losun landssvæða og áhersla er í stefnumótuninni á að lágmarka kolefnisspor mannvirkja.</p> <p>Í stefnumótuninni er lögð áhersla á aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga. Hér er margt óunnið en miklu skiptir að vinna hratt til að hægt sé að bregðast við í skipulagsáætlunum og auka seiglu samfélaga. Aðlögun tekur bæði til forvarnaraðgerða, eins og blágrænar ofanvatnslausnir og styrking varnargarða og einnig til viðbragða við hættuástandi eins og tryggja viðbúnað og flóttaleiðir.</p> <p>Í stefnumótuninni er áhersla á skipulag orkuinnviða, sérstaklega vindorku og er því ætlað að bæta möguleika á framleiðslu á endurnýjanlegri orku með áherslu á orkuskipti.</p> <p>Áherslur um loftslagsmál í landsskipulagsstefnu eru skref í rétta átt að markmiðum í aðgerðaáætlunar stjórnvalda um loftslagsmál. Áhrifin eru metin jákvæð en óvissa er um umfang áhrifa en þau fara eftir nánari útfærslum í skipulagi og eftirfylgni.</p>	<div style="text-align: center;"> Óveruleg til jákvæð áhrif</div>



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Markmið 7 um að tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Nútímaleg og áreiðanleg orkuþjónusta verði í boði og hlutfall endurnýjanlegrar orku aukist í heiminum.






Markmið 13 um að grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

Áhersla er í stefnumótun á uppbyggingu orkuinnviða og bætt aðgengi að endurnýjanlegri orku. Gæta þarf að skörun við aðra hagsmuni við skipulag og framkvæmdir.

Stefnumótunin setur skýr skilaboð um að í skipulagi verði ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga, bæði varðandi losun gróðurhúsalofttegunda og varðandi aðlögun að loftslagsbreytingum.



Umhverfisþáttur	Helstu umhverfisáhrif	Vægis-einkunn
Lífriki <i>Umhverfisvísar:</i> <ul style="list-style-type: none">○ Verndarákvæði vegna lífríkis○ Mikilvæg fuglasvæði○ Vistgerðir○ Líffræðilegur fjölbreytileiki○ Skógar○ Landrof	<p>Í landsskipulagsstefnu eru sett fram markmið um vernd umhverfis og náttúru. Stefnumótunin stuðlar að því að gripið sé til aðgerða til að draga úr hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni og er hún líkleg til að auka viðnámsþrótt vistkerfa. Jafntframt er áhersla á að draga úr jarðvegseyðingu og að endurheimta vistkerfi sem hafa raskast. Stefnumótunin endurspeglar þannig áherslur sem koma fram í alþjóðlegum samningum er varðar lífríki sem og áherslum sem koma fram í Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt um að varðveita, endurheimta og styðja við sjálfbæra nýtingu vistkerfa og þjónustu þeirra.</p> <p>Stefnumótunin kann að hafa í för með sér nýframkvæmdir sem fela í sér staðbundið rask á gróðri og búsvæðum lífvera, einkum áherslur um þróun samgöngukerfa á miðhálandi og bætt aðgengi þar, ásamt markmiðum um samkeppnishæft atvinnulíf og orkuskipti. Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf, bættar samgöngur á hálandi og orkuskipti kunna stangast á við sjónarmið um náttúruvernd. Um land allt er töluvert af svæðum sem njóta verndar eða þykja mikilvæg m.a. vegna lífríkis, sem framkvæmdir kunna að hafa neikvæð áhrif á. Þá er viss hætta á að aukið aðgengi gangi á þolmörk svæða og lífríki, sem huga þarf að. Stefnumörkun um breytta landnotkun, ræktarlönd og skógrækt kann sömuleiðis að fela í sér rask á ósnortnum svæðum og hafa áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika.</p> <p>Við nánari útfærslu stefnumótunar í skipulagi þarf að huga að því að draga sem kostur er úr raski, sérstaklega á svæðum sem eru viðkvæm vegna lífríkis sem og að tímasetja háværar framkvæmdir utan tímabila sem eru viðkvæm fyrir lífverur, t.a.m. varptíma fugla. Við frágang svæða skal gæta þess að framkvæmdir auki ekki líkur á landrofi né að ágengar tegundir komi inn á svæði. Gæta þarf þess að koma í veg óþarfa rask og leita leiða til að tryggja áfram líffræðilegan fjölbreytileika.</p> <p>Umfang umhverfisáhrifa eru líkleg til að vera óveruleg til neikvæð en vægi þeirra er mjög háð staðsetningu með tilliti til verndargildis eða viðkvæmni framkvæmdarsvæðis.</p>	<div style="text-align: center;"><p>Óveruleg til neikvæð áhrif</p></div>
	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna Markmið 14 um að ganga vel um vistkerfi sjávar og stranda og að þau séu vernduð á sjálfbæran hátt, þar á meðal með því að grípa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum.	Áhersla er í stefnumótun á heilnæmt umhverfi og að draga úr hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Áherslur um bætt skipulag á haf- og strandsvæðum geta stutt við ábyrga nýtingu.
	Markmið 15 um stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og endurheimt þeirra. Jafnframt að leitast sé við að endurheimta hnignandi land og jarðveg.	Stefnumótunin er líkleg til að draga úr jarðvegseyðingu og til að endurheimta vistkerfi. Gæta þarf að því að framkvæmdir við innviði og byggð svæði raski sem minnst lífríki og viðkvæmum svæðum.



Umhverfisþáttur	Helstu umhverfisáhrif	Vægiseinkunn
Landslag / víðerni <i>Umhverfisvísar:</i> <ul style="list-style-type: none">○ Víðerni○ Landslagsgerðir○ Jarðmyndanir○ Verndarákvæði vegna jarðmyndana og landslags	<p>Áherslur Landsskipulagsstefnu endurspeglar mikilvægi landslags í umhverfinu og hlutverk þess í sjálfsmynd samfélagsins og atvinnulífi hvort sem það er á landsvísu eða staðbundið. Stefnunótunin er almennt líkleg til að viðhalda staðbundum einkennum svæða, tryggja fjölbreytileika og gæði landslags bæði í náttúrulegu og manngerðu umhverfi. Jafnframt tryggir stefnunótunin aðkomu almennings að ákvarðanatöku er varðar landslag og endurspeglar ákvæði sem koma fram í Landslagssamningi Evrópu.</p> <p>Stefnunótunin er líkleg til að hafa í för með sér nýframkvæmdir sem kunna að raska staðbundið óbyggðum víðernum. Afmörkun víðerna er ólík eftir tillögum að kortlagningum sem liggja fyrir¹² en burtséð frá því má búast við raski óbyggðra víðerna víða um land en þá einkum á miðhálandi landsins vegna áherslna um bættar samgöngur og uppbyggingu ferðaþjónustu. Framkvæmdir kunna að breyta ásýnd svæða og landslagsgerða og raska jarðmyndunum sem eru á náttúruminjaskrá eða njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.</p> <p>Umfang umhverfisáhrifa er líklegt til að hafa óveruleg til neikvæð áhrif á landslag og víðerni. Helstu áhrifaþættir eru áherslur um uppbygging innviða s.s. samgöngu og orkuinnviðir og ferðaþjónusta á hálandinu og breytt landnotkun. Við nánari útfærslu stefnunótunar í skipulagi er mikilvægt að draga eins og kostur er úr raski, varðveita óbyggð víðerni og gæta þess að einkennum eða kennileiti í landslagi sem teljast sérstæð eða mikilvæg, staðbundið eða á landsvísu, raskist ekki að óþörfu eða sýn að þeim spillist.</p> <p>Verkefni um að ljúka kortlagningu óbyggðra víðerna og afmörkun þess í skipulagi sbr. leiðbeiningum um framfylgd landsskipulagsstefnu er líklegt til að stuðla að verndun óbyggðra víðerna og landslagsheilda.</p> <p>Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna</p> <p>Markmið 15 um stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og endurheimt þeirra. Jafnframt að leitast sé við að endurheimta hnignandi land og jarðveg.</p>	<p>0/-</p> <p>Óveruleg til neikvæð áhrif</p>
	<p>Áhersla er í stefnunótun á varðveislu sérstæðrar náttúru, landslags og víðerna. Dregið verði úr jarðvegseyðingu og unnið að endurheimt vistkerfa. Gæta þarf að því að uppbygging innviða gangi sem minnst á landgæði og takmarka áhrif á landslag og vistkerfi.</p>	

¹ Ostman et al (2021). Óbyggð víðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvísu.

² Wildland Research Institute (2022). Mapping Wilderness Quality in the Central Highlands of Iceland.



Umhverfisþáttur	Helstu umhverfisáhrif	Vægis-einkunn
Vatn og sjór <i>Umhverfisvísar:</i> <ul style="list-style-type: none">○ <i>Vatnsvernd</i>○ <i>Vatns- og sjávarhlöt</i>○ <i>Fráveita</i>	<p>Í stefnumótuninni er áhersla á að viðhalda gæðum vatns í tengslum við markmið um gott samfélag. Einnig er áhersla um sjálfbæra nýtingu vatnsauðlinda til að styrkja samkeppnishæft atvinnulíf. Stefnumótunin er því líkleg til að stuðla að ábyrgri nýtingu vatnsauðlindarinnar og viðhalda góðu ástandi vatnshlota.</p> <p>Helsti þáttur Landsskipulagsstefnu sem kann að hafa áhrif á vatnsvernd eða auka álag á vatnshlöt er stefnumótun um búsetu og landbúnað ásamt nýframkvæmdum vegna stefnumótunar um þróun samgöngukerfa, orkuskipta og atvinnulífs. Framkvæmdir og breytingar í landnotkun geta valdið álagi á vatnshlöt. Það getur orðið á framkvæmdatíma en einnig á rekstrartíma fyrirtækja, frá fráveitu byggða eða vegna breytinga á vötnum og grunnvatni sem fylgja breyttri landnotkun. Gæta þarf þess að stefnumótun valdi ekki hnignun á ástandi vatns- og sjávarhlöta eða komi í veg fyrir að umhverfismarkmið þeirra náist. Jafnframt að ekki komi til mengunar í vatnsból.</p> <p>Í stefnumótuninni er áhersla á hreint vatn, örugga úrgangsméðhöndlun og fráveitu. Beiting hringrásarlausna og blágrænna ofanvatnslausna eru líklegar til að viðhalda gæðum vatnshlota og styrkja viðnámsþrótt samfélaga gagnvart náttúruvá, t.d. flóðum og auknum rigningum.</p> <p>Verkefni um gagnagátt og kortavefsja um starfsemi á haf- og strandsvæðum og frekara skipulag á strandsvæðum er líklegt til að stuðla viðhaldi á góðu ástandi sjávarhlöta.</p> <p>Landsskipulagsstefna er líkleg til að hafa óveruleg áhrif á vatn og sjó.</p>	<div style="text-align: center;"> Óveruleg til jákvæð áhrif</div>
	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna Heimsmarkmið 6 um að tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu á hreinu vatni og salernisaðstöðu. Vatnsgæði verði augin með því að draga úr mengun. Hlutfall óunnins skólps verði minnkað.	Áhersla er í stefnumótun á að viðhalda gæðum vatns til að styðja við byggðir og búsetugæði. Áhersla er á hreint vatn og örugga fráveitu sem er í stakk búin til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga.
	Heimsmarkmið 14 um að vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun. Komið verði í veg fyrir mengun sjávar.	Áhersla er í stefnumótun á sjálfbæra nýtingu vatnsauðlindarinnar. Gæta þarf að því að framkvæmdir og breytt landnotkun valdi ekki hnignun á ástandi vatnshlota. Áhersla á betri þekkingu og skipulag haf- og strandsvæða er líkleg til að stuðla að sjálfbærri nýtingu og vernd hafsins og auðlinda þess.



5 Samræmi við áætlanir

Áætlanir	Lýsing	Atriði sem kunna að snerta Landsskipulagsstefnu
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030	Áætlunin er framlag Íslands til að ná markmiðum Parísarsamningsins. Henni er ætlað að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og leggja grunninn að markmiði stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040.	Áherslur langsskipulagsstefnu um að skipulagi verði stefna um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun. Auk þess verði stefna um að auka kolefnisbindingu. Áhersla er á að ná skjóttum árangri með heildstæðri nálgun.
Aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs 2023 - 2026	Markmið áætlunarinnar eru m.a. aukin verðmætasköpun og nýsköpun, hönnun sem breytingarafi og sjálfbær innviðir.	Áherslur landskipulagsstefnu um að skipulag styðji við nýsköpun í atvinnulífi, sjálfbærni í skipulagi og mannvirkjum. Hönnun sem breytingarafi er mikilvægur drifkraftur í breytingum í skipulagi og aðlögun að breyttum aðstæðum.
Aðgerðaáætlun um orkuskipti	Í aðgerðaáætlun eru sett fram markmið um að stefnt sé að því að Ísland verði framarlega í notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum.	Áherslur landskipulagsstefnu um að vinna markvisst af orkuskiptum falla vel að aðgerðaáætlun um orkuskipti. Stefnt er að því að skipulag feli í sér stefnu um nýtingu vindorku og að stuðlað verði að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti.
Bernarsamningur um villtar plöntur og dýr	Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölbjóðlegrar samvinnu þarf til að vernda og stuðla að fjölbjóðlegri samvinnu þar sem hennar er þörf til að vernda tegundir villtra plantna, dýra og lífsvæða.	Landsskipulagsstefna stuðlar að því að gripið sé til aðgerða til að draga úr hnignun vistkerfa og vernda þannig og auka viðnámsþrótt vistkerfa. Mögulegar nýframkvæmdir kunna að raska áður ósnortum svæðum en umfang áhrifa fer eftir viðkvæmni svæðis og umfangi framkvæmda.
Fjarskiptaáætlun	Í fjarskiptaáætlun eru skilgreind markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Stuðla skal að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum.	Áherslur Landsskipulagsstefnu fara saman með viðfangsefnum Fjarskiptaáætlunar varðandi uppbyggingu innviða um land allt, þar á meðal fjarskiptamannvirkja.
Hafið – Stefna íslenskra stjórnvalda frá 2004	Stefna í málefnum hafsins grundvallast á því að halda heilbrigði, líffræðilegum fjölbreytileika og sjálfbærni hafsins við Ísland til framtíðar. Í því felst sjálfbær nýting, verndun og umgengi er byggist á rannsóknnum og hagnýtingu þekkingar.	Í Landsskipulagsstefnu er tekið á skipulagi haf- og strandsvæða sem veiti grundvöll fjölbreyttri nýtingu um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland.
Hvítbók um húsnæðisstefnu	Í Hvítbók er brugðist við þeirri áskorun samfélagsins í húsnæðismálum að tryggja nægt framboð af fjölbreyttu húsnæði í jafnvægi við umhverfið.	Í landsskipulagsstefnu er áhersla á uppbyggingu húsnæðis miðað við lýðfræðilega þróun sem þjóni ólíkum samfélagshópum.
Hreint loft til framtíðar	Að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið, þá er meginmarkmið umhverfis- og auðlindaráðuneytis í loftgæðamálum að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.	Áherslur landsskipulagsstefnu um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á vistvæna ferðamáta og orkuskipti stuðlar að bættum loftgæðum í byggðum. Huga þarf að loftgæðum við skipulag samgangna, einkum við samgönguæðar þar sem umferð er mikil.
Menningarstefna í mannvirkjagerð 2014	Tryggja ber verndun og viðhald hins manngerða umhverfis til samræmis við menningarlegt og sjónrænt gildi þess. Stuðla skal að því að menningararfur manngerðs umhverfis njóti aðgæslu og virðingar sem hentar sögulegu hlutverki, tæknilegum vitnisburði og sjónrænum	Landsskipulagsstefna fellur vel að menningarstefnu í mannvirkjagerð þar sem sett er fram áhersla um að skipulag feli í sér stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja. Áhersla er á að efla gæði sem felast í náttúrulegu og manngerðu landslagi.



Áætlanir	Lýsing	Atriði sem kunna að snerta Landsskipulagsstefnu
	eiginleikum. Við hönnun, skipulag og byggingarframkvæmdir á viðkvæmum stöðum, svo sem í lítt snortinni náttúru eða landslagi menningarminja, skal viðhafa sérstaka aðgæslu sem tryggir að sjónrænt yfirbragð hins manngerða umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.	
Kerfisáætlun 2021-2030	Í kerfisáætluninni er að finna yfirlit yfir áætlaða þróun notkunar og framleiðslu raforku tengdri flutningskerfinu, auk þeirrar uppbyggingar sem ráðgerð er á flutningskerfinu til næstu 10 ára og framkvæmdaáætlun fyrir næstu 3 ár.	Áherslur landsskipulagsstefnu fara saman með viðfangsefnum Kerfisáætlunar varðandi uppbyggingu innviða um land allt sem tryggja öryggi samfélag.
Land og líff – landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031	Áherslur áætlunar eru að (1) efla vernd, viðgang og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar, (2) efla náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum, (3) stuðla að sjálfbærri landnýtingu, (4) efla þekkingu, samstarf og lýðheilsu og (5) stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.	Landsskipulagsstefna gengur ekki gegn markmiðum í landsáætlun. Stuðlað er að viðhaldi og endurheimt vistkerfa, dregið úr jarðvegseyðingu og líffræðilegum fjölbreytileika viðhaldið.
Landbúnaðarstefna til 2040	Í Landbúnaðarstefnu er áhersla á heilnæmar landbúnaðarafurðir, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og fæðuöryggi verði tryggt. Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda, líffræðileg fjölbreytni verði eflid og landnýting taki mið af ástandi og getu vistkerfa.	Landsskipulagsstefna endurspeglar áherslur landbúnaðarstefnu með áherslu um að skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar.
Landslags-samningur Evrópu	Landslagssamningur Evrópu felur í sér áherslu á landslag sem sameiginlega auðlind Evrópuríkja. Ákvæði hans leggja skyldur á aðildarríkin um að viðurkenna mikilvægi landslags í löggjöf sinni og setja sér áætlanir um verndun, stjórnun og skipulag landslags.	Í landsskipulagsstefnu eru áherslur sem líklegar eru til að viðhalda staðbundum einkennum svæða, tryggja fjölbreytileika og gæði landslags bæði í náttúrulegu og manngerðu umhverfi, sem og að tryggja aðkomu almennings að ákvarðanatöku er varðar landslag. Mögulegar nýframkvæmdir kunna að breyta ásýnd og einkennum landslagsgerða.
MARPOL samningurinn	Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum.	Áherslur landsskipulagsstefnu samræmist markmiðum samningsins. Í stefnumótuninni er stefnt er að frekara skipulagi á strandsvæðum sem er líklegt að viðhalda góðu ástandi sjávarhlota.
Matvælastefna til 2040	Í matvælastefnu eru markmið um sjálfbærni matvælaframleiðslu, nýtingu auðlinda, fæðuöryggi, matvælaöryggi sem og þarfir neytenda og samspil við samfélag.	Landsskipulagsstefna endurspeglar áherslur matvælastefnu með áherslu um að skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar.
Náttúruverndar-áætlun 2009-2013 og Náttúruverndar-áætlun 2004 - 2008	Áætlun um friðlýsingu svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Tilgangurinn er að koma upp neti verndarsvæða til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni, þess sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt eða í hættu.	Áherslur landsskipulagsstefnu fara saman með náttúruminjaskrá en stefnumótunin felur í sér að skipulag stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, líffræðilegs fjölbreytileika og menningargæða. Mögulegar nýframkvæmdir kunna að raska svæðum á náttúruminjaskrá, ýmis með beinum eða óbeinum hætti, en umfang áhrifa fer eftir staðsetningu og umfangi framkvæmda.
Náttúruminjaskrá A- og C-hluti	Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa	Áherslur landsskipulagsstefnu fara saman með náttúruminjaskrá en stefnumótunin felur í sér að skipulag stuðli að verndun og varðveislu



Áætlanir	Lýsing	Atriði sem kunna að snerta Landsskipulagsstefnu
Tillögur Ní að B-hluta	<p>ekki enn verið friðlýst. Skráin skiptist í þrjá hluta sem auðkenndir eru sem A, B og C-hluti.</p> <p>A-hluti er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýstar eða friðaðar. B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum og C-hluti er skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Engin svæði eru eins og er á B-hluta náttúruminjaskrár en Ní hefur lagt fram tillögur að svæðum.</p>	<p>sérstæðrar náttúru, líffræðilegs fjölbreytileika og menningargæða.</p> <p>Mögulegar nýframkvæmdir kunna að raska svæðum á náttúruminjaskrá, ýmis með beinum eða óbeinum hætti, en umfang áhrifa fer eftir staðsetningu og umfangi framkvæmda.</p>
Orkustefna til 2050	<p>Framtíðarsýn stefnunnar kveður m.a. á um að öll orkuframleiðsla sé af endurnýjanlegum uppruna. Orkan sé nýtt með sjálfbærum hætti samfélagi og almenningi til hagsbóta með traustum og áfallaþolnum innviðum. Allri orkuþörf sé mætt með öruggum hætti til lengri og skemmri tíma, Ísland sé leiðandi í sjálfbærri orkuvinnslu og orkuskiptum og sátt ríki um vernd náttúru og nýtingu orkuauðlinda.</p>	<p>Áherslur landskipulagsstefnu um að vinna markvisst af orkuskiptum falla vel að framtíðarsýn Orkustefnu til 2050. Stefnt er að því að skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tryggja orkuöryggi.</p>
OSPAR samningurinn	<p>Markmið samningsins er að koma í veg fyrir mengun Norðaustur-Atlantshafsins með því að draga úr mengun frá landi, mengun af völdum varps og brennslu, og mengun af uppsprettum í hafi. Auk þess tekur hann á mati á ástandi hafsins og verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins.</p>	<p>Áherslur landskipulagsstefnu samræmist markmiðum samningsins. Í stefnumótuninni er áhersla á hreint vatn, örugga úrgangsméðhöndlun og fráveitu ásamt því að stefnt er að frekara skipulagi á strandsvæðum sem er líklegt að viðhalda góðu ástandi sjávarhlota.</p>
Parísar-samkomulagið	<p>Markmið um að halda hlýnun lofthjúpsins vel innan við 2°C og reynt að halda hlýnun innan við 1,5°C. Losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu skal ná hámarki eins fljótt og auðið er og minnka síðan þannig að losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum nái jafnvægi við upptöku kolefnis úr andrúmsloftinu á síðari helmingi aldarinnar.</p>	<p>Áherslur landskipulagsstefnu um að í skipulagi verði stefna um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun. Áhersla er að auka kolefnisbindingu. Sjónun er einnig beint að losun sem ekki fellur undir ábyrgð Íslands í alþjóðasamningum, t.d. með því að lágmarka kolefnisspor mannvirkja og bygginga.</p>
Ramsarsamningur	<p>Markmið Ramsarsamningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.</p>	<p>Í landskipulagsstefnu eru áherslur um að grípa til aðgerða til að draga úr hnignun vistkerfa sem og að land þar sem eru miklar kolefnisbirgðir verði varðveitt. Mögulegar nýframkvæmdir kunna að raska votlendissvæðum en umfang áhrifa fer eftir viðkvæmni svæðis og umfangi framkvæmda.</p>
Samgönguáætlun 2020-2034	<p>Markmið samgönguáætlunar eru að samgöngur séu greiðar til að tryggja búsetugæði, tengja vinnusóknarsvæði og efla atvinnulíf. Markmið eru um öruggar og hagkvæmar samgöngur, umhverfislega sjálfbærni og jákvæða byggðapróun.</p>	<p>Í landskipulagsstefnu eru áhersla á aðgengi að þjónustu og tengingu byggða, að samgöngur styrki byggðir og atvinnulíf sem og að stuðla að orkuskiptum og uppbyggingu innviða fyrir virka ferðamáta og almenningssamgöngur.</p>
Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni	<p>Markmið samningsins eru þrjú: að vernda líffræðilega fjölbreytni, stuðla að sjálfbærri nýtingu hennar og tryggja ráðstöfunarrétt ríkja yfir erfðaefni sínu og skiptingu hagnaðar af nýtingu þess.</p>	<p>Landsskipulagsstefna samræmist vel markmiðum samningsins en hún stuðlar að því að gripið sé til aðgerða til að draga úr hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni og er hún líkleg til að auka viðnámsþrótt vistkerfa. Jafntframt er áhersla á að draga úr jarðvegseyðingu og að endurheimta vistkerfi sem hafa raskast.</p>



Áætlanir	Lýsing	Atriði sem kunna að snerta Landsskipulagsstefnu
		Mögulegar nýframkvæmdir kunna að raska áður ósnortum svæðum en umfang áhrifa fer eftir viðkvæmni svæðis og umfangi framkvæmda.
Stefnumótandi byggðáætlun 2022-2036	Í Hvítbók um byggðamál eru markmið um jafnan aðgang að þjónustu, jöfn tækifæri til atvinnu og að stuðlað verði að sjálfbærni byggða um land allt. Tekið er á fjölmörgum þáttum samfélagsins, m.a. samgöngum, almenningsþjónustu, sjálfbærni, aðgengi að orku, landnotkun og virkri þátttöku íbúa.	Landsskipulagsstefna og byggðamál skarast í fjölmörgum viðfangsefnum. Samhljómur er í stefnu og áherslum og bæta þær hver aðra upp þar sem efnistöku eru ólík. Áhersla er á gæði byggða, jöfn tækifæri, sjálfbær samfélög, góðar samgöngur, fjölbreytta atvinnu, nýsköpun, tryggja innviði og orku.
Stefnumörkun Þingvallarþjóðgarðs 2018 - 2034	Í stefnumörkun er sett fram stefna um alla þætti starfseminnar og framstíðarsýn.	Landsskipulagsstefna vinnur ekki gegn stefnumótuninni. Áherslur eru á að skipulag taki mið af náttúruvernd, sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða.
Stefnuramma í ferðaþjónustu til 2030	Framtíðarsýnin hverfist um sjálfbæra þróun og byggir á fjórum stoðum; efnahagur, samfélag, gestir og umhverfi. Áhersla er meðal annars á jákvæð áhrif á nærsamfélag, minnkandi kolefnisspor, orkuskipti og jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbygging innviða taki mið af því.	Áherslur landsskipulagsstefnu fara saman við áherslur stefnurammans um að atvinnugreinin gæti að varðveislu gæða sem hún byggir á og að hún þróist í sátt við nærsamfélag. Samlegð er varðandi sjálfbærni, orkuskipti og að við uppbyggingu sé hugað að lágmarkun áhrifa.
Stjórnunar- og verndaráætlanir náttúruverndar-svæða	Stjórnunar- og verndaráætlanir náttúruverndarsvæða víðsvegar um landið sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með.	Landsskipulagsstefna vinnur ekki gegn þessum áætlunum. Áherslur eru á að skipulag taki mið af náttúruvernd, sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða.
Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs	Í áætluninni er gerð grein fyrir helstu þáttum verndar og landnýtingar innan þjóðgarðsins.	Landsskipulagsstefna vinnur ekki gegn stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða.
Svæðis- og aðalskipulags-áætlanir	Stefnumörkun sveitarfélaga um landnotkun, s.s. grunnkerfi, virkjanir, hverfisvernd, landbúnað, búsetu og fl.	Landsskipulagsstefna fellur vel að stefnumörkun sveitarfélaga um uppbyggingu atvinnumöguleika og innviða. Mögulegar nýframkvæmdir kunna að skarast á við aðra landnotkun í skipulagi.
Vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027	Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skulu vatnshlot ná umhverfismarkmiðum sínum auk þess sem vernda á öll vatnshlot þannig að tryggt verði að ástandi þeirra versni ekki.	Í Landsskipulagsstefnu er fjallað um gæði neysluvatns, ábyrga nýtingu vatnsauðlindarinnar og að við skipulag verði tryggt að ástand vatns hnigni ekki.
Verndar- og orkunýtingaráætlun	Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, eða rammaáætlun eins og hún er jafnan nefnd, er ætlað að stuðla að því að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi.	Landsskipulagsstefna samræmist áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða. Stefnt er að því að skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti. Stefnt er að því að í skipulagi taki hverfivernd m.a. mið af svæðum sem tilgreind eru í verndarflokki áætlunarinnar.



6 Viðaukar

Viðauki A | Yfirlit yfir umhverfisviðmið

Umhverfisþáttur	Umhverfisvísar	Viðmið
Samfélag og heilbrigði	Búsetuskilyrði Innviðir – aðgengi að orku og vatnsveitu, tenging milli byggða, fjarskipti. Útivist og afþreying Heilsa - hljóðvist og loftgæði Menningarminjar Náttúruvá	Heimsmarkmið 3,9 og 11 Sóknaráætlanir landshluta Stefnumótandi byggðaáætlun 2022–2036 Kerfisáætlun 2021–2030 Samgönguáætlun 2024 - 2038 Hreint loft til framtíðar 2018–2029 Í átt að hringrásarhagkerfi: Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða Lög um menningarminjar nr. 80/2005
Atvinna	Atvinnusköpun Ferðaþjónusta Efnahagsþróun	Heimsmarkmið 8 Sóknaráætlanir landshluta Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030
Loftslag	Binding og losun kolefnis Aðlögun að loftslagsbreytingum	Heimsmarkmið 7 og 13 Aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum, til 2030 Í ljósi loftslagsvárs - stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum Land og líf – Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031
Lífriki	Verndarákvæði vegna lífríkis. Mikilvæg fuglasvæði Vistgerðir Líffræðilegur fjölbreytileiki Skógar Landrof	Heimsmarkmið 15 Náttúruminjaskrá A, B og C hluti Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 og 2009 - 2013 Samningur um líffræðilega fjölbreytni Ramsarsamningur um votlendi Alþjóðasamþykkt um fuglavernd Land og líf – Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031 Náttúruverndarlög nr. 60/2013 Lög um skógrækt nr. 33/2019 Lög um landgræðslu nr. 155/2018
Landslag	Víðerni Landslagsgerðir Jarðmyndanir Verndarákvæði vegna jarðmyndana og landslag.	Heimsmarkmið 15 Náttúruminjaskrá A, B og C hluti Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 og 2009 - 2013 Landslagssamningur Evrópu Náttúruverndarlög nr. 60/2013
Vatn og sjór	Vatnsvernd Vatns- og sjávarhlot Fráveita	Heimsmarkmið 6 og 14 Vatnaáætlun 2022 - 2027 Ospar samningurinn um verndun hafrýmis Norð-Austur Atlantshafsins Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.